

RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Til : Auður Hallgrímsdóttir <audur@jso.is>; Geir Gestsson <geir@vesturbyggd.is>
Frá : Gerður B. Sveinsdóttir <gerdur@vesturbyggd.is>
CC : Harpa Þórunn Pétursdóttir <harpa@os.is>; María Guðmundsdóttir <mariag@os.is>; Ólafur Baldursson (olibaldurs@visir.is) <olibaldurs@visir.is>; Rögnvaldur Johnsen (rjohnsen075@gmail.com) <rjohnsen075@gmail.com>; Þórður Sveinsson (skalholt@snerpa.is) <skalholt@snerpa.is>
Heiti : RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð
Málsnúmer : 2006016
Málsaðili : Vesturbyggð
Skráð dags : 23.08.2022 14:21:00
Höfundur : Gerður B. Sveinsdóttir

Staðfesti móttöku

Með kveðju, Gerður

-----Original Message-----

From: Auður Hallgrímsdóttir

Sent: þriðjudagur, 23. ágúst 2022 12:15

To: Geir Gestsson ; Gerður B. Sveinsdóttir

Cc: Harpa Þórunn Pétursdóttir ; María Guðmundsdóttir ; Auður Hallgrímsdóttir ; Ólafur Baldursson (olibaldurs@visir.is) ; Rögnvaldur Johnsen (rjohnsen075@gmail.com) ; Þórður Sveinsson (skalholt@snerpa.is)

Subject: RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæll Geir og Gerður

Eins mikið og við fasteignaeigendur höfum óttast bilanir í hitaveitukerfinu á Krossholtum, með tilheyrandi tjóni á húsunum okkar og atvinnurekstri, er sá ótti núna að raungerast.

Um s.l helgina varð heitavatnslaust á Krossholtum. Orsök bilunnar var lögnin út í Birkimel sem gaf sig og ein dælan er ónýtt. Hægt var að koma hita á aftur í gær með því að loka fyrir hitalögnina út á Birkimel. Heitavatnsþrýstingurinn í lögnunum inná kerfinu núna er eingöngu 2mm bór samkvæmt upplýsingum pípara sem kom í gær og lokaði fyrir lögnina sem gaf sig. Þar sem ekki er til ný dæla er alveg óljóst hvenær viðunandi þrýstingur kemur á aftur.

Það er rekin ferðþjónusta á Krossholti sem er í dag með óviðunandi vatnsrennsli bæði á heitu og köldu vatni.

Ferðþjónustugestir geta núna vegna þessara bilunar varla farið í sturtu þar sem þrýsingur á vatninu er svo lítill. Þetta er mikið fjárhagslegt rekstratjón hjá rekstraaðilum sem þarf að meta og bæta.

Við í Arnarholti erum með gólfhita í húsinu okkar sem er ekki lokað kerfi svo ef við erum að fá mold og sand með hitaveitu vatninu stíflast gólfagnirnar með miklu tjóni fyrir okkur. Það er náttúrusteinn á öllum gólfum sem þyrfti að brjóta upp. Erum núna að bíða eftir pípara til að setja upp varmadælu og loka kerfinu.

Við vitum öll, íbúar og stjórnvöld í Vesturbyggð, að allar lagnirnar á Krossholti eru ónýtar. Þær eru lekar út um allt og alls staðar það sjáum við á veturnar þar sem jörð ekki frýs vegna hitapolla. Við bara getum ekki einn vetur í viðbót í þessari óvissu.

Miðað við viðhaldsleysi á innviðum s.l 20 ár og engan vilja hjá stjórnvöldum til að endurnýja lagnir og dælur sjáum við fasteignaeigendur fram á frekari tjón bæði á fasteignum og atvinnurekstri.

Við fasteignaeigendur eigum því ekki annara kosta vól en hafa samband við lögfræðing til að kanna réttarstöðu okkar gagnvart Vesturbyggð.

Jafnframt óskum við eftir að Vesturbyggð sendi okkur afrit af gjaldskrá Vesturbyggðar vegna innheimtu hita í sveitafélaginu. Um leið ítrekum við að fasteignaeigendum hefur ekki borist krafa frá Vesturbyggð fyrir notkunn á heitu vatni í 15 - 20 ár þrátt fyrir beiðni fasteignaeigenda að greiða fyrir sína notkun eins og allir gera. Það er hvergi neitt ókeypis! Við höfum ekki fengið svör frá Vesturbyggð afhverju ekki er innheimt hitavatnsnotkunn á Krossholtum.

Gerður Björk Sveinsdóttir sviðstjóri stjórnarsýslusviðs vinsamlegast bókaðu tíma fyrir okkur hjá bæjarstjóra og formanni bæjarráðs?

Við óskum eftir að sviðstjóri umhverfis og tæknimála sitji einnig þann fund.

Gott væri ef sá fundur gæti verið 23 eða 26 september.

Harpa Þórunn Pétursdóttir lögfræðingur Orkustofnunnar og María Guðmundsdóttir sérfræðingur í jarðhitanýtingu hjá Orkustofnun eru í cc þeim til upplýsingar um stöðu mála.

Geir og Gerður vinsamlegast staðfestið móttöku þessa póst.

Kær kveðja

Auður Hallgrímsdóttir

f.h. Hagsmunasamtaka fasteignaeigenda á Krossholtum

-----Original Message-----

From: Geir Gestsson

Sent: mánudagur, 22. ágúst 2022 09:22

To: Auður Hallgrímsdóttir

Cc: Ólafur Baldursson (olibaldurs@visir.is) ; Rögnvaldur Johnsen (rjohnsen075@gmail.com) ; Þórður Sveinsson (skalholt@snerpa.is)

Subject: RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæl Auður og afsakaðu aftur hversu seint ég svara, er enn að vinna upp eftir sumarfrí.

Takk fyrir að framsenda þetta til mín.

Við gerum okkur vonandi grein fyrir að það er ekki mín ákvörðun hvernig er með viðhaldsmál á hitaveitu Barðaströnd, þar er ég að fylgja eftir fyrirætlunum frá bæjarstjóra, um að halda í algjöru lágmarki viðhaldi á veitu-mannvirkum eða tækjum sem ekki er verið að greiða fyrir skv. gjaldskrá sveitarfélagsins.

Sú ákvörðun að sækja formlega um nýtingarleyfi og fá það staðfest, var talin forsenda fyrir að hægt væri að fara í vinnu við áframhaldandi framtíðar nýtingu á hitaveitumálum á Barðaströnd.

Varðandi leyfi fyrir að nýr aðili hafi tengt sig inn á hitaveitukerfi, þá hefur ekki verið gefið leyfi fyrir þeirri framkvæmd og verður það mál skoðað, eins og ég var búinn að svara þér í öðrum pósti.

Kveðja

Geir Gestsson

Sviðsstjóri

Umhverfis- og framkvæmdasvið

GSM: 868-0869

Vesturbyggð | Aðalstræti 75 | 450 Patreksfirði | www.vesturbyggd.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans er eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál.

Hafir þú fyrir tilviljun eða mistök tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans bið ég þig að fara eftir 9. mgr. 47.gr laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna mér að tölvupósturinn hafi ranglega borist þér

-----Upphaflegt skeyti-----

Frá: Auður Hallgrímsdóttir

Sent: mánudagur, 8. ágúst 2022 15:40

Til: Geir Gestsson

Afrit: Auður Hallgrímsdóttir ; Ólafur Baldursson (olibaldurs@visir.is) ; Rögnvaldur Johnsen (rjohnsen075@gmail.com) ; Þórður Sveinsson (skalholt@snerpa.is)

Efni: FW: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæll Geir

Áfram sendi þér svar Maríu hjá OS varðandi nýtingarleyfi hitaveitunnar á Krossholtum. Hvað er það sem kemur í veg fyrir að Vesturbyggð viðhaldi innviðum hitaveitunnar? Samkvæmt svari Maríu er það ekki nýtingarleyfið.

Ítreka líka fyrirspurn sem ég sendi þér í síðustu viku varðandi tengingu landeiganda í Mórudal við affallið á hitaveitunni. Gaf Vesturbyggð leyfi fyrir þessari framkvæmd?

Kær kveðja
auður

-----Original Message-----

From: María Guðmundsdóttir
Sent: mánudagur, 8. ágúst 2022 14:46
To: Auður Hallgrímsdóttir
Cc: Harpa Þórunn Pétursdóttir
Subject: RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæl Auður

Það geta verið ýmsar ástæður fyrir því að afgreiðsla umsóknar getur dregist, t.d. ef gögn vantar, ef umsagnarferli dregst á langinn o.s.frv.

Hvað varðar innviðina á svæðinu þá koma þeir nýtingarleyfisumsókn í ekki við, ekki síst þar sem Vesturbyggð er með ígildi nýtingarleyfis nú þegar vegna langrar nýtingarsögu á svæðinu. Nýtingarleyfið snýr bara að nýtingu auðlindarinnar í jörðinni, ekki innviða á yfirborði. Það er því ekki það sem kemur í veg fyrir að Vesturbyggð sinni viðhaldi.

Bestu kveðjur/Best regards
María

María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/
Specialist – Geothermal Utilisation
Orkustofnun/National Energy Authority
Orkugarður, Grensásvegur 9
108 Reykjavík
Iceland
Tel: +354 569 6000
<http://www.os.is/> <http://www.nea.is>

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer>

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./ Think of the environment before printing this message.

-----Original Message-----

From: Auður Hallgrímsdóttir
Sent: mánudagur, 8. ágúst 2022 14:35
To: María Guðmundsdóttir
Cc: Harpa Þórunn Pétursdóttir
Subject: RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæl María

Getur þú upplýst okkur um afhverju þetta ferli er að taka svona langan tíma.

Bæjarstjórn Vesturbyggðar samþykkir á fundi sínum 26.apríl 2021 að fela bæjarstjóra og sviðstjóra umhverfis- og tæknisviðs að senda Orkustofnun formlega beiðni um nýtingarleyfi.

Samkvæmt umsögn Orkustofnunnar um ástand hitaveitu Krossholts Barðaströnd sem send er Atvinnuvega-og nýsköpunarráðuneytinu 29.apríl 2021 segir:

"Miðað við þessar upplýsingar og með vísan til fyrrnefndar greinar auðlindalaga telur stofnunin ljóst að Vesturbyggð sé eigandi auðlindarinnar sem er nýtt fyrir hitaveituna. Þar sem nýtingin hófst fyrir gildistöku auðlindalaga lítur Orkustofnunsvo á að Vesturbyggð hafi ígildi nýtingarleyfis fyrir þeirri nýtingu sem hafin var fyrir fyrir gildistöku laganna.Orkustofnun hefur ekki upplýsingar um að nýtingin hafi aukist verulega frá þeirri nýtingu sem þá var. Vesturbyggð getur engu að síður sótt um nýtingarleyfi á jarðhita á lóðinni skv.IV.kafli auðlindalaga til Orkustofnunnarog þarf ekki að semja við landeigendurum endurgjald fyrir nýtingu þar sem nýtingarsvæðið er í eigu sveitafélagsins"

Niðurstaða Orkustofnunnar er að Vesturbyggð hafi ígildi nýtingarleyfis á jarðhita fyrir því magni sem sem hagnýtt var fyrir gildistöku auðlindalaga. Einng segir í umsögninni að borholurnar séu í landi í eigu sveitafélagsins.

Í viðhengi er umrætt bréf frá Orkustofnun til Atvinnuvega- og nýsköðunarráðuneytis.

Eignir okkar liggja undir skemmdum þar sem engu viðhaldi er sinnt óskum við eftir skýringu Orkustofnunnar á seinni afgreiðslu á nýtingarleyfisumsókn. Það er erfitt að fara inn í enn einn veturinn með svona ótrygga hitaveitu. Hitaveitulagnir frá borholu í íbúðarhúsin eru mjög lekar og lítill þrýstingur á vatninu. Inntök eru farin að gefa sig þar sem þau eru sundur ryðguð.

Kær kveðaj

Auður Hallgrímsdóttir

f.h. HFK

-----Original Message-----

From: María Guðmundsdóttir

Sent: mánudagur, 8. ágúst 2022 13:33

To: Auður Hallgrímsdóttir

Cc: Harpa Þórunn Pétursdóttir

Subject: RE: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæl Auður

Umsókn Vesturbyggðar er í vinnslu hjá okkur, ætti vonandi að klárast með haustinu.

Bestu kveðjur/Best regards

María

María Guðmundsdóttir

Sérfræðingur – Jarðhitanýting/

Specialist – Geothermal Utilisation

Orkustofnun/National Energy Authority

Orkugarður, Grensásvegur 9

108 Reykjavík

Iceland

Tel: +354 569 6000

<http://www.os.is/> <http://www.nea.is>

Fyrirvari | Disclaimer: <http://www.os.is/disclaimer>

Hugsaðu um umhverfið áður en þú prentar út þessi skilaboð./ Think of the environment before printing this message.

-----Original Message-----

From: Auður Hallgrímsdóttir

Sent: miðvikudagur, 3. ágúst 2022 10:23

To: María Guðmundsdóttir

Cc: Harpa Þórunn Pétursdóttir

Subject: Nýtingarleyfi hitaveitu Krossholti Vesturbyggð

Sæl María

Ég var í sambandi við þig fyrr í sumar vegna afgreiðslu OS á nýtingarleyfisumsókn Vesturbyggðar á hitaveitu á Krossholtum. Það verður fundur núna í vikunni hjá Hagsmunasamtökum fasteignaeigenda á Krossholtum við erum alltaf kvíðin fyrir komu vetrar þar sem allir innviðir hitaveitunnar eru mjög lélegir og vesturbyggð sinnir engu viðhaldi fyrir en nýtingarleyfið liggur fyrir.

Heyri vonandi í þér sem fyrst um stöðuna.

Kær kveðja

Auður Hallgrímsdóttir

F.h HFK

Sent from my iPhone